

Sóknarfæri með nýrri menntastefnu – aukin aðkoma foreldra

Í nýjum heildstæðum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla skapast ný tækifæri til eflingar menntunar á Íslandi og aðkoma foreldra hefur verið stóraukin. Heimili og skóli - landssamtök foreldra fagna sérstakleg breytingum sem lúta að auknum sveigjanleika milli skólastiga, meira sjálfstæði skóla og aukinni aðkomu foreldra að skólastarfi barna sinna. Í nýjum lögum eru nemendur og þarfir þeirra settar í forgrunn og fræðsluskylda til 18. ára aldurs tryggir jafnræði allra barna til náms. Til 18 ára aldurs bera foreldra ábyrgð á börnunum sínum.

Heimili og skóli sjá ótvíræð tækifæri til eflingar menntunar á Íslandi með nýjum heildstæðum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Sjálfstæðari skólar, aukin fagvitund kennara og virkari aðkoma foreldra að skólastarfi barna sinna er grunnur að farsælu skólastarfi.

Heimili og skóli áttu fulltrúa í nefndunum þremur sem sáum um endurskoðun, á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og unnu að gerð nýju menntastefnunnar sem nú hefur litið dagsins ljós. Í vinnu við endurskoðunina lögðu Heimili og skóli áherslu á að skapa framtíðarskóla sem væri sveigjanlegur og veitti öllum börnum jöfn tækifæri til náms. Ný heildstæð löggjöf er ótvíræður vísir að slíkum framtíðarskóla og við styðjum hana heilshugar.

Foreldrar skipta sköpum fyrir árangur barna sinna í námi, eins og máltækið segir: “Lengi býr að fyrstu gerð”. Ný löggjöf skapar foreldrum ný tækifæri til aukinnar þátttöku í skólastarfinu en leggur um leið ríkari skyldur á herðar þeirra að styðja við nám barnanna. Það kemur meðal annars fram í nýju leik-, grunn- og framhaldsskólalögu með þeim breytingum sem eiga við með formlegri þátttöku foreldra í nefndum og ráðum sem miða að því að auka og styrkja formlega aðkomu foreldra að skólastarfi og auka þátttöku þeirra í stefnumótun einstakra skóla. Á leikskólastigi felst meginbreytingin í sérstöku foreldraráði við hvern leikskóla sem lögfest er í fyrsta sinn. Á grunnskólastigi er meginbreytingin fólgin í nýju skólaráði sem m.a. kemur í stað núverandi foreldra- og kennararáða og foreldrafélög skulu starfa við hvern grunnskóla en áður var starfsemi þeirra valkvæð. Á framhaldsskólastigi skal skipa foreldraráð við hvern framhaldsskóla og foreldrar fá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Við horfum sérstaklega á sóknarfærin í því að efla forvarnarstarf með auknu samstarfi við framhaldsskólanna og foreldra, sem hljóta að hafa sama markmið, standa vörð um ungmennin og halda úti góðum forvörnum. Sóknarfæri, til öflugra forvarnarstarfa í framhaldsskólum með

góðri samvinnu foreldra og skólayfirvalda með aukinni aðkomu foreldra að nefndum og ráðum inni í framhaldsskólunum. En það er einmitt á því tímabili sem nemandi fer yfir í framhaldsskóla að foreldrar eru of fljótir að sleppa takinu og missa þá gjarnan tókin á börnum sínum, sérstaklega þegar horft er til niðurstaðna kannana sem gerðar hafa verið á neysluvenjum 16 – 18 ára unglunga hvað varða áfengisdrykkju. Ef við fáum þau til að bíða í eitt ár enn, munar það strax, hvert ár skiptir máli.

Í nýju framhaldsskólalögum fá foreldrar áheyrnarfulltrúa í skólanefndir framhaldsskóla en meginbreytingin á hlutverki skólanefnda framhaldsskóla er að hlutverk þeirra við að móta áherslur í skólastarfinu og þjónustu skólanna er eflt. Með virkri og markvissri þátttöku foreldra í framhaldsskóla felast sóknarfæri fyrir foreldra að hafa áhrif á almenna stefnumótun í skólamálum, þar á meðal forvarnarmálum, einstakra sveitarfélaga og framhaldsskóla. Þá er lykilatriðið að starfið sé virkt, til að starf foreldra í skólanefndum verði skilvirkt er nauðsynlegt að bakland þeirra í foreldrafélögum og ráðum sé traust.

Það er nýmæli í lögum um framhaldsskóla að við hvern framhaldsskóla skuli starfa foreldraráð og skal skólameistari boða til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann, þ.e. yngri en 18 ára. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann. Foreldraráð eru talin mikilvægur tengill milli skólans og forráðamanna ólögráða nemenda. Áhrif hækkunar á sjálfræðisaldri upp í 18 ár er því augljós. Með því að lögbinda foreldraráð er það ekki lengur einungis lagt í hendur áhugasamra forráðamanna að halda úti foreldrastarfi á framhaldsskólastigi því það eru líka til nokkur dæmi um vel heppnað foreldrastarf í framhaldsskólum sem í sumum tilvikum eru einnig nokkurs konar hollvinasamtök. Það ættu að vera tækifæri í því að fá foreldra með reynslu sem hafa starfað í foreldraráðum grunnskóla eða foreldrafélögum til að taka sæti í þessum nýju foreldraráðum framhaldsskóla og mikilvægt er að skólastjórnendur sjái til þess að ráðin séu stofnuð og hvetji til virkni. Með þessu samstarfi er hægt að halda uppi öflug og góðu fornvarnarstarfi og hvetja til samstarfs foreldra m.a. um það að halda ekki eftirlitslaus samkvæmi, leyfa ekki áfengi fyrir viðburði á vegum skólans, í heimahúsi í fyrir – partýium.

Foreldraráð framhaldsskóla gegna m.a. því hlutverki að:

- vera samráðs- og samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna. stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna sinna.
- vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/ forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.
- hvetja til aukins stuðnings, aðhalds og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra. Að koma á og tryggja öflugt og gott samstarf foreldra/forráðamanna, nemenda og starfsfólks skólans.

Okkur finnst afar mikilvægt að foreldra taki þátt í forvarnarstarfi skólanna til að fyrirbyggja ótímabæra neyslu barna sinna. Neysla áfengis og annarra vímuefna raskar uppvexti og ógnar velferð margra barna. Forvarnarstarf gegn áfengis- og vímuefnaneyslu er liður í að skapa ungmennum þroskavænleg skilyrði. Með því að styðja börn og ungmenni í að hafna neyslu áfengis og annarra vímuefna er stuðlað að velferð þeirra og lífshamingju og það er m.a. hlutverk foreldra.

Í forvarnastarfi þarf að leggja áherslu á að ná til unglunga í ljósi þess að í æsku er lagður grunnur að framtíð hvers einstaklings. Þá mótast mikilvægar forsendur lífssýnar, þroska og heilbrigði síðar á ævinni eins og máltækið segir, lengi býr að fyrstu gerð. Ungt fólk er veikara fyrir gagnvart neyslu vímuefna en fullorðnir og rannsóknir sýna að því seinna sem ungt fólk byrjar neyslu áfengis og tóbaks því minni líkur eru á að það leiðist í neyslu vímuefna, hætti í skóla eða lendi í öðrum erfiðleikum. Við vitum það að börn og ungmenni eru berskjölduð fyrir áróðri og hvatningu til neyslu áfengis og annarra vímuefna. Með öflug foreldrasamstarfi, fræðslu, upplýsingastarfi og hvatningu til heilbrigðra lífshátta er hægt að sporna gegn vímuefnaneyslu ungmenna. Foreldra eru auðlind í skólastarfi og með því að taka þátt þá verndum við það dýrmætasta sem við eigum, börnin okkar.

Sjöfn Þórðardóttir
Formaður Heimilis og skóla